

Underietting um Drängshlyd

Sagt er, ad bonde nockur rykur hafe buid i Skögumm under Eýafióllum og ätt Drangshlyd Sköga Hefdarskala (nu Horduskäla) Berianes og storu Mórk. Sagt er hann hafe i bræde sinne drepid Son sinn þa Han var ad jarna Hest i þvj Platse sem heiter DrangshlydarDalur; Storer klettar er þar standa, kallast af þvj ohappaverke Grimdar steinar. Hier af fiell allt hans fasta og lausa gots under köng effter logum er her brukudust þa i lande; var nockud af þessu Jarda götse afftur innleist Enn mikil Hlute af þvj liggur enn nu i kongsins Eign, Eystre Sköga gaf Hann Holmasels Presta calle. Drangshlyd keiffte af kongenumm Þorkiell bönde nockur Fader Jons Porkiellssonar er effter fodur sin erfde þessa Jórd. Medan kongurin sialfur atte Drängshlyd, veit einginn annad enn Dalurinn og Heidenn óll fyrer vestan Skoga ä hafe fillgt Dränghlyd allt nordur ad Drangshlydar Botnum, hvar Hrutfells Land tekur vid. Ädurnefndar kongsjarder hiellt i forlieningu nockra tyd sa madur er hiet Amunde Thormodsson, og bio i ytre Skögumm, Storrýkur og harddrægur madur. Hann bigde fatækumm monnumm Drängshlydena so ad hann tök under bü sitt i Skögum allt sliettlende allt ad þvj sem Steirn rann ad vellta ur brecku, Enn beitte Heidina; En þeir fätæku menn sem i Drangshlyd biuggu og voru Hans undergiefner leigulidar hlutu ad lata liggia i þvj Skaute er hann villde, Pesse hans asælnis yfergängur, barst þo ut, hvort til konngssins edur Thorkiels Saluga kunum vid ej vyst ad seigia sem hafde þann utgäng, ad til skickud var Logmans äreid a DrangshlydarDal og Heide var þar tilskickadur vice Logmadur Jön Eiolfsson, En þar hann forfalladist, skal areidena hafa giört broder Hans sa lærde Syslumadur i Arnes Syslu Einar Ejlifsson, sem med sýnum äreidarmónnum dæmde Dalinn og Heidina ad tiltecknum adurgreindummm mórkummm Ævarande Drangshlydar eign og Eiginndöm, hefur so adur tied land atolulaust verid sleigid beitt og brukad frä Drangshlyd.

Nu þar Drangshlydar og ytre Skögaland liggia hvort vid annad, nema hvad Skoga ä skilur, for kvikfienadur Skoga manna vestur yfer äna, hvar um þeir kiærdu sig ej mikid, medann hiner lidu þad so þeigande þvj leingur sem Peningurin vandist þessu vard meirre og meirre øg ummferð af hónum vestur yfer äna i Drangshlydarland. Nær Jon Sal: Thorkielsson eignadist Jordina reid hann um hennar Land og liet syna ser hvar Skoga manna griper hefdu offtast ras og umferd i landid og þa Honum var þad syndt skipade Hann ad giora þar varnar gard fyrer hvad og gjordt var stod Hann þar nockra tyd, þar til Hann trosnade af sialfum ser fyrer trassaskap Drangshlydarmanna, so griper Skogamanna grasserudu, og föru þar yfer, voru þo til baka drifner hvad offt sem nening var ä, og þvj vard vidkomid, Einhvoria tyd, fiell sa samningur ad Skogamenn liedu Drangshlydarmónnum Lamba gaungu um Sumar i Skoga Fialle, og ad þeir mættu so afftur bruka Hagbeit fyrer vestann ana i Drangshlydarlande Þetta varde vid nockur ar og so tokust af afftur þesse ummskiffta. Hvad margar fornar og nyar logfestur sem eru til og finnast fyrer Sköga Lande, skal alldrej i þeim finnast ad þeir hafe eignad ser nockurt Itak í Skögalande i Drangshlydarlande [i Drangshlydarlande, ofan línu] fyrer vestan äna sem sannarlega hefde annars nefnt og tiltekid verid. Ej eru mórg är sydan Drangshlydar og Skoga mónumm vard sundur orda um beit þessa, og hofdu Skogamenn þa ej annad til forsvars enn Skiaeringur enn verandi i Skardshlyd hefde lied sier þridiung umtvistadr[a] Haga, þvj Skardshlyd vill telia ser, allann þridia Part i Dranghlyd[ar] Hogum þvj Lóndinn liggia þar ad ollu leite saman og hefdu þeir ej borid þetta i væng, hefdu þeir vitad sig hafa nockurn Riett edur hefda brukunn. Þo hafa þeir sem nu a Skogum búa meir og meir bemegtad ser brukunina og þvj framrar sem þeir, sierdeiles eirn af þeim bigde eina nylendu upp i synu eigin hagbeitar lande, so þad sem þar fyrer þeiringde ad hefur þvj meirra sokt

uppa Drangshlydar land so nu er so komid, þott þeir sem a Drangshlyd bua verie kvíkfienade þeirra, þa reka hiner hann med kappe og ofbellde i landid afftur, þo upp sie hladinn sa gamle varnar gardur er hann jafnodom afftur nidurdrifin sem ny dæme eru til, þvj þeir läta ä ser heira og hafa leitast vid ad taka beinke uppa þad sama; ad hefd sie hier a kominn. Þessu er so i Sanleika hättad effter þvj sem hvór og eirn af oss veit til og ver heirt og fornumid hofumm af og effter oss Eldre mónum, Hvar ver vilum frekare stadfestu giora ef þorf krefur.

Til merkis vor nófn d. 28 Junji 1777

Andres Gudnason Þorleifur Gudnason Snore Eiriksson bwande i Skardshlijd
Oddní Ellends dotter i Skardshlijd Gudni Ellensdotter i Skardshlid

Frá Jóni hrst. Hjörleifssyni í Drangshíð 15/12 1905. [m.h. Jóns Porkelssonar
þjóðskjalavarðar]